ÚTIVIST

2022

FRÍTT eintak

utivist.is

EKKI KAUPA SCARPA GÖNGUSKÓ

NEMA ÞÚ ÆTLIR ÞÉR AÐ NOTA ÞÁ Í MÖRG ÁR OG HUGSA VEL UM ÞÁ

RIBELLE HD
FRAMTÍÐIN Í GÖNGUSKÓM

FJALLA KOFINN

Hallarmúli 2 I s: 510 9505 I fjallakofinn.is

Farðu vel með **náttúruna** og njóttu hennar

GARMIN

HEIMA

ER NÆR ÞÉR EN ÞÚ HELDUR

INREACH TÆKIN FRÁ GARMIN

Vertu í öruggu sambandi, hvar sem þú ert, hvert sem þú ferð. Ekki er hægt að treysta á símasamband ef eitthvað kemur uppá. Með inReach gervihnattasambandi nærðu sambandi heim með textaskilaboðum, getur sent neyðarkall á viðbragðsaðila og verið með ferilrakningu ef þú vilt leyfa þínum nánustu að fylgjast með ferðum þínum.

GARMINBÚÐIN

ÖGURHVARFI 2, 203 KÓPAVOGUR | SÍMI: 577 6000 | GARMIN.IS

Fylgt úr hlaði



Ferðafélagið Útivist hefur ávallt lagt mikla áherslu á að auðvelda einstaklingum að njóta sín í íslenskri náttúru og umfram allt að gera það í hópi góðra vina. Félagið hefur af fremsta megni reynt að haga ferðaáætlun sinni þannig að hún höfði til allra, bæði þeirra sem vanir eru og óvanir en gera það með þeim hætti að hún taki tillit til þeirra mjög svo ólíku þarfa sem félagsmenn og þátttakendur hafa. Þannig höfum við lagt áherslu á mjög breitt úrval af tækifærum til þess að njóta samveru úti í náttúrunni hvort sem það er á göngu, í hjólaferðum, í ferðum á breyttum og óbreyttum jeppum eða á skíðum. Ef okkur tekst að skapa tækifæri fyrir uppbyggilega samveru fólks með ólíkan bakgrunn í okkar fallegu náttúru með þeim hætti að hver og einn njóti sín er okkar markmiði náð. Í þeirri ferðaáætlun sem hér er kynnt tökum við ný skref í þessum mikilvæga þætti í starfsemi félagsins í kjölfar kórónuveirufaraldursins sem við vonum svo sannarlega að verði kveðinn í kútinn í eitt skipti fyrir öll. Fyrir utan hefðbundna þætti í starfsemi okkar erum við einnig að kynna nýja nálgun til að njóta samveru með góðum vinum í náttúrunni eins og í þemaferðum í Básum, gönguleiðum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og áhugaverðum gönguskíðaferðum. Að vanda leggjum við áherslu á fjölbreytni til að mæta mismunandi áhuga og þörfum og vonumst til að geta átt góðar stundir með nýjum og gömlum félögum á komandi ári.

Gylfi Arnbjörnsson
formaður Ferðafélagsins Útivistar

ÚTIVIST, ferðafélag
Katrínartúni 4 . 105
Reykjavík
Netfang: utivist@utivist.is
Vefsíða: utivist.is

Sími
562 1000

Forsíðumynd: Í Jökulgili. Mynd: Gunnar S. Guðmundsson

Myndir: Einar Knútsson EK, Fanney Gunnarsdóttir FG, Grétar W Guðbergsson GWG, Guðrún Hreinsdóttir GH, Gunnar S. Guðmundsson GSG, Ingvi Stígsson IS Kristinn Atlason KA, Laufey G. Sigurðardóttir LGS, Margrét Ólöf Ívarsdóttir MÓÍ, Skúli H. Skúlason SHS, Steinar Frímannsson SF, Vala Friðriksdóttir VF, Þorsteinn Sæmundsson ÞS.

Útgefandi: Ritform ehf. í samvinnu við Útivist.
Ábyrgðarmaður: Skúli H. Skúlason.
Auglýsingar og umbrot: Ritform ehf.
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja – Desember 2021

Við tökum vel á móti þér um land allt

Kaffi & croissant

Þú átt það skilið!

Nesti

Kjötsúpa

Alltaf góð

Nesti

N1 kortið færir þér bæði afslátt og punkta

Sæktu um kortið á **n1.is** og byrjaðu að spara og safna.

Hamborgari & franskar

Sá allra besti

Nesti

Við erum með þétt net Þjónustustöðva um allt land. Þú finnur hver af þessum **95 stöðvum** er næst þér á **www.n1.is**.

N1 ALLA LEIÐ

GH

Hátíðahöld í Básum

Oft er sagt að hjarta Útivistar slái í Básum og á það sannarlega við síðustu vikur ársins. Þá er farið í ferðir í Básа sem eiga það sammerkt að búa yfir ævintýraljóma og hátíðarbrag. Hver árstíð setur sinn svip á svæðið.

Aðventuferð

Aðventuferðin er tilvalin fjölskylduferð þar sem áhersla er lögð á notalega aðventustemmningu með föndri, gönguferðum, jólahlaðborði og kvöldvöku. Stressið er skilið eftir heima en í staðinn er fjallakyrrðarinnar notið. Kertaljós koma í stað neonljósa auglýsinganna. Farið er með rútu frá BSÍ kl. 19:00 föstudaginn 25. nóvember.

Áramót í Básum

Áramót eru tími uppgjörs og góðra fyrirheita. Áramótaheitin fela oft í sér heilbrigða lífshætti, útiveru og fyrirrætlanir um að njóta lífsins með uppbyggilegum hætti. Rétta umgjörðin fyrir slík heit er í Básum þar sem náttúran ræður ríkjum. Áramót í Básum eru ógleymanleg upplifun þar sem samspil náttúru, áramótabrennu og flugelda skapar sérstakt andrúmsloft sem lætur engan ósnortinn. Nýju ári er svo fagnað með kvöldvöku og söng. Farið er með rútu frá BSÍ kl. 8:30 þann 29. desember, en heimkoma er á nýársdag.

GSG

GSG

BUFF® is a registered trademark property of Original Buff, S.A. (Spain)

ORIGINAL ECOSTRETCH

This soft, stretchy do-it-all performance headwear can be worn 12 ways, so you're covered wherever the trail takes you and your friends. Like you, the Original EcoStretch is a true original.

BUFF.COM

BUFF® fæst í öllum betri útivistarverslunum landsins.

Tindfjallasel

Saga Tindfjalla sem útivistarsvæðis á sér nokkuð langa sögu. Fjallamenn með Guðmund frá Miðdal í fararbroddi sóttu mikið á þetta svæði um miðja síðustu öld. Þeir byggðu fyrsta skálann í Tindfjöllum árið 1941. Þekktustu tindarnir eru Ýmir og Ýma, en af öðrum má nefna Saxa, Búra, Haka, Hornklofa, Sindra og Ásgrindur að ógleymdum Tindi sem svæðið dregur nafn sitt af. Hér er því nóg af toppum til að klífa.

Útivist í samvinnu við Flugbjörgunarsveitina í Reykjavík hefur tekið í notkun nýjan skála í Tindfjöllum sem nefnist Tindfjallasel. Frá Tindfjallaseli er hægt að njóta margs konar útivistar á þessu stórkostlega svæði. Skálinn hentar vel fyrir bækistöðvaferðir, hvort heldur sem er á gönguskíðum að vetri eða gönguferða að sumarlagi. Staðsetning skálans býður upp á tengingar við aðra skála t.d. Hungurfit sem er rétt norðan Tindfjallajökuls. Einnig er hægt að ganga frá Tindfjöllum að eyðibýlinu Fossi á Rangárvöllum en þar er boðið upp á gistiaðstöðu.

Tindfjallahringur

Útivist býður upp á skemmtilega hringleið eða þríhyrningsleið þar sem gengið er milli þriggja skála. Ekið er á eigin bílum að eyðibýlinu Fossi á Rangárvöllum. Bærinn er staðsettur ofan við Keldur við upphaf Fjallabaksleiðar syðri. Þangað er fært fyrir alla bíla en aka þarf rólega síðasta spölinn. Frá Fossi er gengin einstaklega falleg leið upp með Eystri-Rangá í Hungurfit þar sem gist er fyrstu nóttina. Á öðrum degi er gengið úr Hungurfitjum á Tindfjöll og jaðri jökulsins fylgt í Tindfjallasel þar sem er gist. Síðasti göngudagurinn er svo frá Tindfjallaskála að bænum Fossi þar sem gangan hófst og gist þar síðustu nóttina. Leiðin liggur sunnan við Vörðufell og stefnan tekin á Litla Bláfell. Komið er að eyðibýlinu Rauðnefsstöðum sem fór í eyði eftir Heklugosið 1947. Farið á vaði yfir Eystri Rangá áður en komið er að Fossi.

Þessi ganga er þrír skór en hentar öllum göngumönnum í þokkalegu formi. Fyrsta dagleiðin er nokkuð drjúg eða á bilinu 23-25 km eftir leiðarvali. Á öðrum göngudegi er lagt á brattann upp í Tindfjöll og er hækkunin þar um það bil 600 metrar. Síðasta daginn er leiðin um 18,5 km á þokkalega þægilegu göngulandi.



KA

KA

EK

Verndum náttúruna

Stólpi Gámar bjóða upp á salernishús sem hægt er að fá í mörgum stærðum, allt frá stökum gámum með einu salerni upp í stórar samsettar einingar.

Salernin koma með öllum tækjum og lögnum og því tilbúin til notkunar - aðeins þarf að tengja vatn og frárennsli.

Seljum einnig og leigjum gistieiningar og geymslugáma - sérsniðnar lausnir að þörfum viðskiptavina

stolpigamar.is

Hafðu samband 568 0100

Stólpi Gámar

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík

GSG

Útivistargírinn

Hefur þig alltaf langað til að geta gengið á fjöll og/eða taka þátt í lengri göngum en ekki látið verða af því? Þá er Útivistargírinn fyrir þig! Fjölmargir hafa tekið sín fyrstu skref í útivist og fjallgöngum með Útivistargírnum þar sem saman koma nýliðar og reynsluboltar í útivistinni.

Útivistargírinn hefur notið mikilla vinsælda frá því hann hóf göngu sína árið 2016 og mun hann nú fara aftur af stað eftir stutt hlé. Dagskráin hefst þriðjudaginn 5. apríl og stendur til og með 24. maí. Hópurinn hittist vikulega á þriðjudögum klukkan 18:00 og á dagskrá eru spennandi gönguleiðir í og við höfuðborgarsvæðið.

Göngurnar henta flestum sem geta hreyft sig með góðu móti og eru nýliðar í útivist jafnt sem vant fólk hvatt til þess að taka þátt. Í kvöldgöngum er farið yfir grunnatriði í útivist og gönguferðum og fjölbreytt starf Útivistar kynnt þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Gönguleiðirnar eru fjölbreyttar og er tekið mið af veðri og færð hverju sinni.

Göngurnar taka 2–4 klukkustundir og koma þátttakendur sér á staðinn á einkabílum.

Þátttaka í göngunum er félagsmönnum Útivistar að kostnaðarlausu en vegna aðstæðna í þjóðfélaginu þarf að skrá þátttöku í hverja göngu fyrir sig í viðburði á Facebook. Kynntu þér Útivistargírinn á utivist.is, þar má finna dagskrá ásamt upplýsingum um skráningu.



GWG

CINTAMANI
Við þekkjum tilfinninguna
Austurhraun 3 - Garðabæ | cintamani.is

Fjallfarar

Fjallfarar Útivistar er hópur sem gengur saman eina dagsgöngu og eina kvöldgöngu í mánuði. Hópurinn er fyrir fólk sem hefur reynslu af gönguferðum og vill ganga dagleiðir sem eru í meðallagi langar og með nokkurri hækkun. Dagskráin yfir árið er tvískipt; annars vegar frá janúar til maí og hins vegar frá september til desember. Gönguleiðirnar eru fjölbreyttar að lengd og á hinum ýmsu svæðum.

Dagsgöngurnar eru að jafnaði annan laugardag í mánuði og þriðjudagsganga mánaðarins svo tíu dögum síðar. Ef veðurútlit er óheppilegt á laugardeginum verður hægt að færa gönguna til sunnudags sömu helgi. Farið er á eigin bílum í flestar göngurnar en í einstaka ferðir er farið með rútu. Í kvöldgöngunum er gengið af stað kl. 18 og þarf þá að vera búið að keyra að upphafsstað göngunnar. Þegar farið er í dagsgöngurnar er komið saman kl. 9 (einstaka sinnum kl. 8) og svo keyrt í samfloti að göngubyrjun.

Göngur Fjallfara eru 2 - 3 skór og eru þær frá miðlungs erfiðum upp í erfiðar göngur. Mikilvægt er að hafa viðeigandi útbúnað og fatnað og hafa reynslu af að nota hann. Þátttakendur fá útbúnaðarlista og nánari upplýsingar um hverja göngu í sérstökum facebook hópi Fjallfara eða með tölvupósti fyrir þau sem þess óska.

Náttúruverndar-stefna Útivistar

„Tilgangur Útivistar er að stuðla að útivist fólks í hollu og óspilltu umhverfi“.

Til að ná fram tilgangi félagsins eins og hann birtist í lögum þess er sjálfbær og vistvæn ferðamennska höfð að leiðarljósi. Óspillt náttúra er undirstaða starfsemi félagsins og því leggur það megináherslu á að vernda náttúruna og að sporna gegn hvers konar náttúruspjöllum með eftirfarandi að leiðarljósi:

- **Útivist vill stuðla að og tryggja almannarétt þannig að aðgengi almennings að náttúru Íslands sé óheft án þess þó að landfræðilegum og líffræðilegum fjölbreytileika náttúrunnar sé stefnt í hættu.**
- **Útivist vill vernda náttúru Íslands fyrir framkvæmdum sem kunna að hafa alvarleg áhrif á náttúruna eða raska henni varanlega.**
- **Útivist vill starfa með aðilum sem vinna að náttúruvernd og stefna að framangreindum markmiðum.**
- **Útivist mun leitast við að fræða félagsmenn og þátttakendur í ferðum félagsins um náttúruvernd og vistvæna ferðamennsku.**
- **Útivist mun bæta fyrir neikvæð áhrif sem starfsemi félagsins hefur á náttúruna.**

Stjórn Útivistar kemur fram fyrir hönd félagsmanna sinna á opinberum vettvangi í því skyni að tryggja stefnu félagsins í náttúruverndarmálum.

KLETTUR
Hvern vilt þú dekka?
Ekki gera málamiðlanir þegar kemur að öryggi
- veldu Goodyear
GOODYEAR
MADE TO FEEL GOOD.

Skælingar

GPS-hnit N 63°58,849 / V 18°31,319
Gistipláss í skála eru 16 talsins
Tjaldstæði
Salernishús
Vatn er sótt í lækinn

Steinolíuofn til upphitunar
Gashellur til eldunar
Verð á gistingu í skála:
3.600 kr. fyrir félagsmenn
6.300 kr. fyrir aðra

Áhugaverðir staðir í nágrenni:
Gjátindur
Eldgjá
Uxatindar
Grettir

Velkomin í Eldheima

Safn minninganna um eldgos í Vestmannaeyjum

www.eldheimar.is - eldheimar@vestmannaeyjar.is - Sími 488 2000

UPPLIFÐU NÝ ÆVINTÝRI Á REYKJANESI

reykjanesgeopark.is — visitreykjanes.is

Jógaferð á Snæfellsnes

Útivist býður upp á þriggja daga jógaferð á Snæfellsnes dagana 12.-14. ágúst þar sem gist verður í tveimur húsum á Arnarstapa. Heitur pottur er við bæði húsin. Snæfellsnes er magnaður orkustaður og tilvalinn fyrir jógaiðkun. Við munum fara í gönguferðir um nágrennið alla dagana auk þess að stunda jóga. Jógað verður gert kvölds og morgna og eftir stað og stund yfir daginn. Einnig verður boðið upp á sjósund fyrir áhugasama. Lagt verður af stað úr Reykjavík á eigin bílum kl. 8:30 á föstudagsmorgninum 12. ágúst og ekið að Arnarstapa. Ýmsar gönguleiðir koma til greina og munum við láta veður stýra för. Bæði verður boðið upp á láglendisgöngur og meiri útsýnisgöngur. Fararstjórar eru Þórlaug Sveinsdóttir og Ragnheiður Ýr Grétarsdóttir, báðar sjúkraþjálfarar, jógakennarar og leiðsögumenn. Innifalið í verði er fararstjórn og gisting.

SHS

Jónsmessuhátíð Útivistar

Um Jónsmessuhelgina er mikið um að vera á Fimmvörðuhálsi og í Básum. Þá er hin árlega Jónsmessuganga Útivistar yfir Fimmvörðuháls þar sem gengið er um bjarta sumarnótt. Meðan fuglarnir sofa er gengið um hæsta hluta Fimmvörðuháls. Á leiðinni eru ummerki eftir eldgosið árið 2010 skoðuð. Þessi ferð er stór þáttur í starfi Útivistar ár hvert og tilvalið að byrja gönguSumarið með Útivist á Jónsmessu.

Lagt er af stað frá Reykjavík síðdegis á föstudegi og gengið yfir Hálsinn um nóttina. Á leiðinni er stoppað á völdum stöðum og boðið upp á hressingu. Í dögun á laugardegi koma göngumenn niður í Básа þar sem tími gefst til að hvílast. Um kvöldið tekur margrómuð gleði völdin þegar slegið er upp grillveislu og varðeldi.

Sumir kjósa að sleppa göngunni yfir Fimmvörðuháls en taka þátt í gleðinni í Básum. Hægt er að kaupa sérstaklega grillveisluna og taka þannig þátt í veislunni. Lokafrestur til að bóka sig i matinn er á miðvikudegi fyrir Jónsmessuhelgina. Á laugardeginum verður í boði létt fræðsluganga þar sem grös og plöntur á Goðalandi verða skoðuð. Þar gefst tækifæri til að læra að þekkja lækningajurtir sem vaxa í íslenskri náttúru. Að göngu lokinni verður hægt að nýta frábæra aðstöðu í skálanum til að læra að nýta þær m.a. að gera smyrsl.

Þeir sem ekki hafa tök á að koma á eigin bíl í Básа geta nýtt sér daglegar rútuferðir hjá Kynnisferðum.

Göngu- og gleðivika fyrir alla fjölskylduna

Á fætur
í Fjarðabyggð
18.-25. júní 2022

Drífðu þig á fætur
og taktu þátt í frábærri dagskrá fyrir alla fjölskylduna

Ný fimm fjöll, göngugarpar, fjölskylduferðir, fjöruferðir, söguferðir, kvöldvökur, sjóræningjapartý, náttúruskóli fyrir yngstu börnin og margt fleira ævintýralega skemmtilegt.

Nánar á visitfjardabyggd.is

ÍSLENSKA SIA.IS FJA 61937

Jeppadeildin

Það er óhætt að segja að jeppar hafa gegnt stóru hlutverki í hálendisferðum allt frá því þeir komu til landsins. Jeppadeild Útivistar hefur á sinni dagskrá ferðir þar sem þátttakendur koma á eigin bílum en fararstjórar í þessum ferðum hafa góða reynslu af jeppaferðum og sjá um leiðsögn.

Jeppaferðir eru skemmtileg leið til að kynnast hálendinu. Á góðum jeppa má komast víða um hálendið og kynnast stöðum sem annars væri erfiðleikum bundið að nálgast. Í jeppaferðum opnast heill heimur af stórkostlegri náttúru.

Hálendið að vetri er ekki síður mikill ævintýraheimur og með tilkomu sérútbúinna jeppa hafa opnast möguleikar á vetrarferðum sem heilla marga. Á góðum vetrardegi er fegurð óbyggðanna einstök. Til þess að fara í hálendisferðir að vetrarlagi þarf fleira að koma til en vel útbúinn jeppi. Að mörgu er að hyggja og nauðsynlegt að hafa getu og kunnáttu til að takast á við margvíslegar aðstæður. Þess vegna er kjörið að koma í ferð með jeppadeild Útivistar þar sem reyndir jeppamenn leiða för og leiðbeina.

Í ferðum jeppadeildarinnar eru gerðar kröfur til búnaðar bílanna í samræmi við aðstæður hverju sinni. Sumarferðir og á stundum haustferðir henta oft óbreyttum eða lítið breyttum jeppum en í vetrarferðum eru jafnan gerðar meiri kröfur.

Heimasíða Landmælinga Íslands

allt fyrir útivistina

Aðgengileg í snjalltækjum • GPS staðsetning • Gögn frá mismunandi aðilum • Örnefnaleit

Kortasjá

Örnefnasjá

Kortasafn


Landuppýsingagátt

www.lmi.is

LANDMÆLINGAR ÍSLANDS

FJÖLBREYTT ÚRVAL FYRIR NÁTTÚRUNA

VELJUM FJÖLNOTA

HÁR SVARTUR
með 2 hólfum
fyrir vínflöskur

STÓR SVARTUR
með 12 hólfum
fyrir bjórflöskur

SVARTUR
sterkur og
notadrjúgur

GRÁR
með hólfum
fyrir flöskur

RAUÐUR
léttur og passar
ofan í veski

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á VINBUDIN.IS

VÍNBÚÐIN

Fimmvörðuskáli

GPS-hnit er N 63°37,320 / W 19°27,093
Opinn 15 júní til 31 ágúst
Símanúmer í skála 893 4910
Gistipláss í skála eru 20 talsins
Salerni
Gashellur til eldunar
Eldunaráhöld og borðbúnaður
Verð á gistingu í skála:
4.600 kr. fyrir félagsmenn
8.000 kr. fyrir aðra

Áhugaverðir staðir í nágrenni:
Gosstöðvarnar á Fimmvörðuhálsi – Magni og Móði
Eyjafjallajökull
Mýrdalsjökull
Þórsmörk
Básar á Goðalandi

Fjallabyggð

Síldarminjasafnið á Siglufirði
© Þórarinn Hannesson

Velkomin til Siglufjarðar

STÓRKOSTLEG NÁTTÚRFEGURÐ
EINSTAKAR GÖNGULEIÐIR Í
STÓRBROTINNI NÁTTÚRU

NÁLÆGÐIN VIÐ NÁTTÚRUNA
ÁFALLT INNAN SEILINGAR

BLÓMSTRANDI MENNINGARLÍF,
SÖFN, GALLERÍ OG SETUR

FJALLABYGGD.IS

Velkomin til Ólafsfjarðar

Ólafjarðarvatn
© Ida M. Semay

Dagsferðir

2. 1.	Nýárs- og kirkjuferð. Þingvallakirkja
8.1.	Strandganga um Reykjanes 1
15.1.	Selstígur: Kaldársel – Ástjörn
22.1	Strandganga um Reykjanes 2
29.1	Dalaleið – Gvendarselshæð
5.2.	Strandganga um Reykjanes 3
12.2	100 gíga leiðin á Reykjanesi - hraunhellaskoðun
19.2.	Strandganga um Reykjanes 4
26.2	Ólafsskarðsleið – Leiti – uppruni Ellíðaárhrauns
5.3.	Strandganga um Reykjanes 5
12.3	Straumfjörður
19.3	Afmælisganga á Keili 379 m
26.3.	Strandganga um Reykjanes 6
2.4.	7 tindar Vestmannaeyja
21.4	Sumardagurinn fyrsti – Þórisjökull
30.4.	Fagradalsfjall – Geldingadalur – Merardalir – Stórihrútur
7.5.	Þemaferð: Fuglaskoðun á Reykjanesskaga
14.5.	Skjaldbreiður - skíðaferð
21.5.	Rauðahnjúkafjall, Blákollur og Svörtutindar
28.5.	Skyrtunna
4.6	Eyjafjallajökull um hvítasunnu
11.6.	Þemaferð: Jarðfræði á Reykjanesskaga
16.6.	Leggjabrjótur – næturganga
18.6.	Sumarsólstöður á Snæfellsjökli
25.6.	Þemaferð: Grös og plöntur
16.7.	Tindfjöll: Ýmir
23.7.	Helgrindur
25.-29.7.	Fimm góðar göngur á Austurlandi
6. 8.	Morgunganga á Móskarðshnjúka
13.8.	Rauðufossafjöll
20.8.	Hafursfell
27.8.	Þemaferð: Fjara og kræklingar
3.9.	Rauðafell
10.9.	Tindfjöll - Sindri
17.9.	Þemaferð: Sveppir og ber
24.9.	Þvers og kruss um Hengilinn 1
1.10.	Þvers og kruss um Hengilinn 2
8.10.	Þvers og kruss um Hengilinn 3
15.10.	Þvers og kruss um Hengilinn 4
22.10.	Þvers og kruss um Hengilinn 5
29.10.	Þvers og kruss um Hengilinn 6
5.11.	Strandganga um höfuðborgarsvæðið 1
12.11	Strandganga um höfuðborgarsvæðið 2
19.11.	Strandganga um höfuðborgarsvæðið 3
26.11.	Strandganga um höfuðborgarsvæðið 4
3.12.	Strandganga um höfuðborgarsvæðið 5
10.12.	Strandganga um höfuðborgarsvæðið 6

GG·SPORT

Stingum af ...

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 – 18, Laugardagar 11-15.

Lengri ferðir

30.6.-4.7.	Laugavegurinn
30.6.-3.7.	Sveinstindur - Skælingar
30.6.-3.7.	Strútsstígur
5.-9.7.	Laugavegurinn
4.-8.7.	Dalastígur
7.-10.7.	Tindfjöll – Foss - Rjúpnavellir
11.-15.7.	Dalastígur
13.-16.7.	Sveinstindur - Skælingar
13.-16.7.	Strútsstígur
15.-19.7.	Laugavegurinn - fjölskylduferð
21.-24.7.	Tindfjallahringur
21.-24.7.	Víknaslóðir
21.-27.7.	Langleiðin
22.-26.7.	Ævintýri við Strút
27.-29.7.	Bækistöðvaferð i Básа 60+
29.7.-1.8.	Sveinstindur - Skælingar
29.7.-1.8.	Strútsstígur
29.7.-2.8.	Laugavegurinn
12.-14.8.	Jógaferð á Snæfellsnes
12.-15.8.	Sveinstindur - Skælingar
12.-15.8.	Strútsstígur
19.-21.8.	Langleiðin
18.-22.8.	Laugavegurinn
15.-18.9.	Laugavegur – hraðferð

Jeppaferðir

8.-9.1.	Þrettándastuð í Þórsmörk. Jeppa- og gönguskíðaferð
21.-23.1.	Dalakofinn
12.-13.2.	Langjökull
12.-13.3.	Setrið - Leppistungur
26.-27.3.	Fjallabak syðra
9.-10.4.	Eyjafjallajökull – Fimmvörðuháls – Mýrdalsjökull
21.-24.4.	Vorferð jeppadeildar á Vatnajökul
6.-8.5.	Enn og aftur Vatnajökull
7.-10.7.	Sumarleyfisferð jeppadeildar – Núpsstaðarskógur – Blængur - Laki
8.-9.10.	Bárðargata
22.-.23.10.	Vöð og vatnasull
12.-13.11.	Fjallabak nyrðra – Mælifellssandur

Útivistargírinn

5.4.	Í kringum Hafravatn
12.4.	Bessastaðahringurinn
19.4.	Hringur í nágrenni Kaldársels
26.4.	Hringur í Heiðmörk
3.5.	Straumur og ströndin við Straumsvík
10.5.	Búrfell og Búrfellsgjá
17.5.	Selfjall í kringum og upp
24.5.	Sólarhringurinn

Helgarferðir

25.-27.2.	Tindfjallajökull – skíðaferð
14.-16.4.	Páskar í Dalakofa - skíðaferð
21.-25.4.	Skálafellsjökull – Öræfajökull - skíðaferð
24.-26.6.	Jónsmessuganga yfir Fimmvörðuháls
1.-3.7.	Fimmvörðuháls – hægferð
8.-10.7.	Fimmvörðuháls
15.-17.7.	Fimmvörðuháls
22.-24.7.	Fimmvörðuháls
5.-7.8.	Fimmvörðuháls – fjölskylduferð
16.-18.9.	Grill og gaman í Básum
25.-27.11.	Aðventuferð í Básа
29.12-1.1.	Áramótaferð í Básа

Fjallafarar

Vordagskrá

8.1.	Hafrarétt – Nessel – Reykjaborg – Borgardalur – Hafrarétt
12.2.	Grænsdalur – Reykjadalur
12.3.	Brekkukambur við Hvalfjörð
9.4.	Búrfell í Þjórsárdal
14.5.	Laugarvatnsfjall

Þriðjudagskvöldgöngur:

18.1.	Selfjall og Sandfell
22.2.	Mosfell
22.3.	Æsustaðafell
26.4.	Lyklafell
24.5.	Óvissuferð

Haustdagskrá:

10.9.	Hatta
23.-25.9.	Dalakofinn
8.10.	Þríhyrningur með Njáluívafi
12.11.	Grímansfell, hringur
3.12.	Blikdalur, Lokufjall

Tindfjallasel

GPS-hnit N63°45,398 / V19°41,976
Gistipláss í skála eru 30 talsins
Salerni yfir hásumarið
Rennandi vatn yfir hásumarið

Gashellur
Verð á gistingu í skála:
4.100 kr. fyrir félagsmenn
7.400 kr. fyrir aðra

Áhugaverðir staðir í nágrenni:
Ýmir og Ýma
Sindri
Frábært svæði til fjallaskíðaiðkunnar að vetri og gönguferða að sumri.

Jeppaferð í Núpsstaðarskóg

Þó svo ferðamannastraumur hafi aukist aftur má enn finna staði á landinu sem fáir heimsækja. Núpsstaðarskógur er einn þeirra. Lengi vel var erfiðleikum bundið að komast á svæðið þar sem fara þurfti yfir jökulsá sem oft gat verið skeinuhætt. Það var ekki á hvers manns færi að fara þar yfir. Nú hefur orðið breyting á þar sem ár sem renna undan Skeiðarárjökli hafa breytt farvegum sínum og hefur það opnað möguleika á að keyra í Núpsstaðarskóg þurrum hjólum. Jeppadeildin setur því stefnuna þangað í sumarferð sinni.

Þegar komið er í Núpsstaðarskóg er margt að sjá og skoða. Náttúrufegurð er mikil og vel hægt að eyða mörgum dögum í gönguferðir um nágrennið. Göngur verða þó miðaðar við að vera við flestra hæfi, en kappnóg tækifæri eru til staðar fyrir þá sem vilja reyna meira á sig. Til að krydda ferðina enn frekar verður einn dagur nýttur í að keyra í Lakagíga og skoða þau stórkostlegu ummerki sem þar eru um einar mestu jarðhræringar í sögu landsins. Þessi ferð er því tilvalin fyrir alla jeppaeigendur, sem og gönguhrólfa sem vilja eyða dögunum í lengri gönguferðir.



Öruggari leið

í gegnum Vaðlaheiðargöng

VEGGJALD.IS
VAÐLAHEIÐARGÖNG

464 1790 veggjald@veggjald.is

GSG

Skíðahópur Útivistar

Við erum bjartsýn á að það verði skíðasnjór á nýju ári.

Skíðahópurinn er fyrir alla Útivistarfélaga sem hafa áhuga á að ferðast á gönguskíðum eða ferðaskíðum í lengri og styttri ferðum. Stefnt er á að fara dagsferðir og jafnvel kvöldferðir í nágrenni Höfuðborgarsvæðisins. Fyrstu ferðir verða í kringum Bláfjöll því þar sest snjórinn fyrst. Mosfellsheiði og Hengilssvæðið eru einnig tilvalin leiksvæði.

Ætlunin er að nýta Tindfjallasel fyrir helgarferðir á gönguskíðum og fjallaskíðum en Tindfjallasel er nýr skáli í rekstri Útivistar sem hentar einstaklega vel fyrir skíðaiðkun.

Páskarnir eru tilvaldir til ferðalaga og þá verður stefnan tekin á skíðaferð í Dalakofa.

Rúsínan í pylsuendanum er svo skíðaferð á Vatnajökul. Ekið verður á eigin bílum að Smyrlabjörgum og er mælst til þess að þátttakendur finni sér gistingu þar eða annars staðar á svæðinu (gistikostnaður er ekki innifalinn í verði ferðarinnar). Þar hittir hópurinn jeppadeild Útivistar sem er einnig á leið á Vatnajökul og fá þátttakendur far með þeim upp á Skálafellsjökul. Þaðan verður gengið á skíðum vestur á Öræfajökul og farið niður Hnappaleiðina. Gist í tjöldum á jöklinum. Þetta er gönguskíðaferð fyrir fólk í góðu formi sem hefur nægjanlegt vald á gönguskíðum fyrir krefjandi ferð. Því er upplagt að nýta ferðir Skíðahópsins til að koma sér í form.

Nánari ferðaáætlun verður birt þegar nær dregur og við sjáum hvað „ástandið" leyfir okkur að gera.

SF

Styrkir til líkamsræktar

Mörg stéttarfélög veita félagsmönnum sínum styrki til líkamsræktar. Margir nýta þessa styrki til að ferðast með Útivist. Við hvetjum félagsmenn til að kanna hvað þeim stendur til boða hjá sínu stéttarfélagi. Hugsanlega leynist þar möguleiki á enn frekari þátttöku í ferðum Útivistar.

Forfallatryggingar

Við vekjum athygli þátttakenda í ferðum á að kynna sér hvort ferða-, forfalla- og slysatryggingar séu hluti af fjölskyldutryggingu. Einnig má hafa í huga að þegar ferð er greidd með kreditkorti eru oft einhverjar ferðatryggingar innifaldar.

VIÐ SKÖPUM OG MIÐLUM ÞEKKINGU Á SVIÐI SJÁLFBÆRRAR NÝTINGAR AUÐLINDA, UMHVERFIS, SKIPULAGS OG MATVÆLAFRAMLEIÐSLU Á NORÐURSLÓÐUM

RÆKTUN & FÆÐA

NÁTTÚRA & SKÓGUR

SKIPULAG & HÖNNUN

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS | HVANNEYRI | REYKIR | KELDNAHOLT
STARFSMENNTANÁM | HÁSKÓLANÁM | ENDURMENNTUN
WWW.LBHI.IS | 433 5000

Básar á Goðalandi

GPS-hnit N63°40,559 / V19°29,014
Símanúmer hjá skálaverði 893 2910

Gistipláss í skálum eru 83 talsins
Skála skal rýma fyrir kl. 11 á brottfarardegi.
Innskráning á komudegi er eftir kl. 14.
Gashellur til eldunar
Eldunaráhöld og borðbúnaður
Grill
Salerni
Sturtur verð kr. 500 en innifalið í skálagjaldi
Verð á gistingu í skála:
Fyrir félagsmenn í Útivist 5.500 kr.
Almennt verð 9.500 kr.
Skálar upphitaðir allt árið

Tjaldsvæði
Tjaldsvæði við skála
Salerni yfir sumartímann
Sturtur verð 500 kr. yfir sumartímann
Grill
Aðstöðugjald tjaldgesta:
Almennt verð 2.000 kr.
Fyrir félagsmenn í Útivist 1.000 kr.

Áhugaverðir staðir í nágrenni:
Gosstöðvar á Fimmvörðuhálsi
Eyjafjallajökull
Mýrdalsjökull
Þórsmörk
Einstakt gönguland í fallegri náttúru

Rafvæðing í Básum

Aðstaðan í skálum Útivistar í Básum hefur nú tekið miklum breytingum með orkuskiptum. Búið er að rafvæða skálana þannig að olíu-kyndingin hefur verið sett til hliðar og eru skálarnir núna kyntir með rafmagni. Jafnframt hefur salernis-aðstaðan í stóra skálanum verið endurbyggð og settar upp sturtur og er aðgangur að sturtum innifalinn í skálagjaldi.

Þetta hefur það í för með sér að skálarnir eru kyntir allt árið um kring og jafnframt boðið upp á vatnssalerni að vetri. Vetrarferðir í Básа eru því með allt öðrum blæ en áður. Auk þess sem þessi framkvæmd bætir stórlega aðstöðu gesta í skálunum eru orkuskiptin mikilvægt framlag til umhverfismála.

GH

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

KJARNAÐU ÞIG Í KRAUMA

Í **Krauma náttúrulaugum** kemstu í beina snertingu við kjarna íslenskrar náttúru þegar þú baðar þig upp úr hreinu og tæru vatni úr Deildartungu-hveri sem er kælt með vatni undan öxlum Oks.

Fimm heitar laugar og ein köld umvefja þig með hreinleika sínum sem er tryggður með miklu vatnsrennsli og engum sótthreinsandi efnum.

Njóttu þín í gufuböðum og útisturtum eða í hvíldarherberginu við snark úr arineldi og fullkomnaðu daginn með notalegri stund á veitingastaðnum okkar sem býður upp á dýrindis rétti úr fersku hráefni úr héraði.

Láttu líða úr þér í náttúrulegu umhverfi.

KRAUMA

Bókaðu á netinu – krauma.is

kraumageothermal
kraumageothermal

+354 555 6066
Deildartunguhver, 320 Reykholt

IS

KA

KA

KA

Raðgöngur og þemagöngur

Raðgöngur njóta jafnan mikilla vinsælda og skemmtilegt er að leggja að baki lengri leiðir í hæfilegum áföngum. Þannig fáum við betri þekkingu á landinu og gleggri sýn á umhverfið. Í mörgum tilfellum er sögulegur fróðleikur tengdur leiðum sem gengnar eru.

Fyrsta raðganga ársins er **Strandganga um Reykjanes** sem hefst strax í janúar. Raðgangan er á dagskrá annan hvorn laugardag (sunnudag til vara), hefst í Þorlákshöfn og endar á Reykjanestá. Þess á milli verða gengnar þekktar þjóðleiðir á Reykjanesskaga. Þessi raðganga verður á dagskrá út mars. Ýmislegt forvitnilegt verður á vegi göngumanna á þessari leið. Brimið skellur á berginu, víða má sjá minjar um atvinnusögu og mannlíf liðinna alda og fuglalíf er víða fjölskrúðugt. Þá má sjá fallegar hraunmyndanir, en ekki þarf að minna á að Reykjanes er ekki síst athyglisvert fyrir eldvirkni og hraun.

Í september er svo á dagskrá raðganga sem nefnist **Þvers og kruss um Hengilinn**. Þetta er kannski ekki hefðbundin raðganga í þeim skilningi að upphafsstaður er ekki endilega endastaður síðustu göngu. Hugmyndin hér er hins vegar að ganga um það bil allar helstu leiðir um Hengilssvæðið. Farnar verða nokkrar leiðir á Vörðuskeggja og einnig kannaðar leiðir í kringum fjallið. Þessar ferðir verða á dagskrá frá lokum september og út nóvember. Athugið að röð ferðanna gæti breyst þar sem leitast verður við að göngur á Vörðuskeggja verði þegar skyggni er gott.

Í nóvember og fram í desember verður svo á dagskrá **Strandganga um höfuðborgarsvæðið**. Þetta eru þægilegar göngur þar sem höfuðborgarbúar geta kynnst betur nærsvæði sínu. Þátttakendur mæta á endastað göngunnar á sínum bílum eða með öðrum samgöngumáta og rúta ekur svo hópnum á upphafsstað. Leitast verður við að eiga samveru og hvíldarstund á kaffihúsi í lok hverrar göngu eða jafnvel í heimahúsi þegar það hentar betur.

Þemagöngur verða nokkrar á dagskrá en í þeim verður sjónum beint að mismunandi fyrirbærum í náttúrunni. Sú fyrsta verður þann 7. maí þar sem farið verður á Reykjanesskagann í **fuglaskoðun**. Enn verður leitað fanga á Reykjanesskaga þann 11. júní en að þessu sinni verður hugað að **jarðfræðinni**. Samhliða Jónsmessuhátíð í Básum verður boðið upp á þemaferð um **grös og plöntur**. Einstakt gróðurfar í Básum verður nýtt til að læra að þekkja lækningajurtir sem vaxa í íslenskri náttúru og hvernig hægt er að nýta þær. Þátttakendur í þessari ferð þurfa að koma sér á eigin vegum í Básа en benda má á daglegar rútuferðir á vegum Kynnisferða. Þann 27. ágúst er svo komið að fjörunni í ferðinni **Fjara og Kræklingur**. Skoðaðar verða plöntur og dýr í fjörunni ásamt því sem kræklingur verður týndur og eldaður yfir opnum eldi. Loks eru það svo **sveppir og ber** þann 17. september. Í öllum þessum ferðum verða sérfróðir fræðarar með í för. Þá má benda á að þessar ferðir eru tilvaldar fyrir alla fjölskylduna.

Með raðgöngum og þemaferðum má einnig telja **fimm göngur á Austurlandi**. Hugmyndin hér er að taka fimm daga í röð í göngur á áhugaverða staði á Austurlandi. Göngurnar sem eru á dagskrá eru Snæfell, Þerribjörg og Hólmatindur, farið í Stórurð og í dagsgöngu á Víknaslóðum. Þessar göngur verða á dagskrá dagana 25.- 29. júlí og er hægt að bóka sig í þær allar eða velja úr. Hvaða ganga verður hvaða dag verður auglýst síðar.

Hægt er að bóka sig í raðgöngurnar sem pakka með góðum afslætti eða bóka hverja ferð fyrir sig. Sama gildir um þemagöngurnar.

ALPARNIR

UNDIR BERUM HIMNI ER BEST AÐ VERA

GEFUM GJÖF TIL ÆVINTÝRA

alparnir.is | Faxafen 12, 108 Reykjavík

Víknaslóðir – trússferð

1. dagur: Borgarfjörður eystri – Breiðuvík
Gengið er um Brúnavíkurskarð í Brúnavík og þaðan um Súluskarð og Kjólsvíkurvarp til Breiðuvíkur. Brúnavík er næsta vík sunnan Borgarfjarðar. Þar þóttu búsetuskilyrði góð áður fyrr en hún fór í eyði árið 1944. Í fjörunni eru fallegir líparítklettar sem vert er að skoða áður en haldið er áfram til Breiðuvíkur. Breiðuvík er landnámsjörð og fór í eyði árið 1947. Hún er vel gróin og umkringd fallegum líparítfjöllum. Gist í skála Ferðafélags Fljótsdalshéraðs í Breiðuvík.

Vegalengd 15 km. Göngutími 5-7 klst. Hækkun 850 m.

2. dagur: Breiðuvík – Húsavík
Gengið er til vesturs úr Breiðuvík í dalverpi sem liggur undir Hvítafjalli, Hvítuhnjúkum og Hvítserki. Þaðan er fallegt útsýni yfir Gæsavötn. Þegar beygt er til suðurs í átt til Húsavíkur er á vinstri hönd hinn sérkennilegi Hvítserkur, með sína dökku bergganga, sem margir hafa eflaust séð á myndum. Skáli Ferðafélags Fljótsdalshéraðs sem gist er í, stendur innst í víkinni. Út við sjó stendur Húsavíkurkirkja, byggð 1937, en kirkjustaðurinn Húsavík var metin dýrasta jörð á austurlandi á öldum áður.

Vegalengd 15 km. Göngutími 4-6 klst. Hækkun 580 m.

3. dagur: Húsavík – Loðmundarfjörður
Gengið er yfir Nesháls í átt til Loðmundarfjarðar. Þaðan er gott útsýni yfir fjörðinn og allt til Dalatanga ef skyggni er gott. Haldið er áfram göngu inn allan Loðmundarfjörð sem er fallega gróinn og má þar finna sjaldgæfar plöntur svo sem bláklukkulyng og gullkoll. Loðmundarfjörður er talinn hafa verið í byggð mest allan tíma Íslandsbyggðar en fór endanlega í eyði árið 1973. Gist er í skála Ferðafélags Fljótsdalshéraðs á Klyppsstað.

Vegalengd 13 km. Göngutími 5-5 klst. Hækkun 510 m.

4. dagur: Loðmundarfjörður – Borgarfjörður um Kækjuskörð
Gengið er 2 km til baka frá Klyppsstað að Stakkahlíð og þaðan í norður eftir jeppavegi að Fitjum. Frá Fitjum liggur leiðin um Orustukamb, þar sem fundist hafa merkilegir steingervingar, síðan um Kækjuskörð og Kækjudal. Í Kækjudal stendur Kirkjusteinn, sem talinn er vera álfakirkja samkvæmt þjóðtrú. Göngunni líkur svo við Lambadalsá í Borgarfirði.

Vegalengd 15 km. Göngutími 5-7 klst. Hækkun 920 m.

Ert þú félagsmaður?

Félagsmönnum í Útivist fjölgar jafnt og þétt, enda margar góðar ástæður til að gerast félagi. Fyrir marga dugar sú ágæta ástæða að Útivist er félag sem vinnur að því að auka möguleika almennings á að ferðast um okkar fallega land. Aðrir hafa ánægju af starfinu, taka þátt í sjálfboðavinnu á vegum félagsins og njóta þess að vinna að margvíslegum verkefnum í góðum félagsskap. Til að taka þátt í ferðum og starfi Útivistar þarf að gerast félagsmaður.

Ýmis hlunnindi fylgja því að vera félagi í Útivist:

- Ein frí dagsferð á ferðaárinu
- Mikill afsláttur af gistingu í skálum Útivistar og á tjaldsvæðum félagsins
- Afsláttur í ýmsum verslunum
- Tilboð til félagsmanna.
- Ókeypis aðgangur í ferðir Útivistargírsins
- Þátttaka í viðburðum sem skipulagðir eru af skemmti- og fræðslunefnd Útivistar

Athugið að alltaf þarf að sýna félagsskírteini þegar nýta á hlunnindi eða afslátt vegna félagsaðildar.

VisitAkranes

Velkomin til Akraness

40 mín akstur
frá Reykjavík

GUÐLAUG

Guðlaug er heit laug sem staðsett er í flæðarmálinu við Langasand

Verið hjartanlega velkomin að koma og njóta við náttúruperluna sem Langisandur er, tilvalið að baða sig í sjónum og njóta útsýnis yfir allan Faxaflóa

Útiklefar og útisturtur eru á staðnum

Opið allt árið um kring

Gudlaug.NaturalPool

Strútur á Mælifellssandi

GPS-hnit N63°50,330 / V 18°58,477
Gistipláss í skála eru 26 talsins
Tjaldsvæði við skála
Salerni yfir hásumarið
Sturta (verð 500 kr.) yfir hásumarið
Gashellur til eldunar
Eldunaráhöld og borðbúnaður
Grill
Verð á gistingu í skála:
4.100 kr. fyrir félagsmenn
7.400 kr. fyrir aðra

Áhugaverðir staðir í nágrenni:
Strútur
Strútslaug
Mælifell
Torfajökulssvæðið
Krókagil

IS

SHS

Umhverfi Strútsskáli

Inni á milli hárra fjalla að Fjallabaki er nokkuð stórt dalverpi. Dalurinn liggur að Torfajökli og Svartahnúksfjöll loka honum að austan. Sunnan dalsins er allnokkur háls og handan hans blasir fjallið Strútur við. Í þessum dal er Hólmsárlón í 600 metra hæð yfir sjávarmáli. Það er um fimm kílómetra langt og um hálfur kílómetri á breidd. Lónið fyllir neðanverðan dalinn en efst í honum eru Hólmsárbotnar. Þeir eru grösugir og víða nokkuð blautt að stíga niður fæti. Hér eru nokkrar heitar uppsprettur, sú stærsta innst í dalnum. Þar hefur verið útbúin góð laug, með grjóthleðslu, sem nefnist Strútslaug. Margir göngumenn hafa notið hvíldar í lauginni, enda fátt betra eftir langan göngudag en að leggjast í heita laug úti í náttúrunni.

Margt ber fyrir augu á göngu meðfram Hólmsárlóni, fallegar hraunmyndanir, hvammar og lækir. Við enda lónsins er Rauðibotn, en það er vel þess virði að gefa sér tíma til að skoða hann. Hólmsá rennur úr lóninu við Rauðabotn og fellur fram í fallegum fossum í átt til sjávar.

Frá Strútsskála er hægt að fara í hæfilega langar göngur um þetta fallega svæði, auk þess sem gisting í skálanum býður upp á margar fleiri skemmtilegar gönguleiðir. Þá liggur Strútsstígur um Hólmsárbotna, fjögurra daga ganga frá Hólaskjóli í Strútsskála og þar áfram vestur Mælifellssand í Hvanngil.

SHS

Íþróttamiðstöðin Blönduósi

Sundlaug - Íþróttahús - Þreksalur

Sumaropnun

frá 1. júní

Virka daga

8:00 - 21:00

laugardaga og sunnudaga

10:00 - 20:00

Vetraropnun

frá 20 ágúst

Þriðjudaga og fimmtudaga: 07:45 - 21:00

Mánudaga og miðvikudaga: 06:30 - 21:00

Föstudaga: 06:30 - 17:00

Laugardaga: 10:00 - 16:00

sunnudaga: lokað

Athugið:

- Hætt er að hleypa ofan í sundlaugina 30 mín. fyrir lokun.

www.imb.is *Sími: 452-4178*

Sveinstindur

GPS-hnit N 64°05,176 / V 18°24,946
Gistipláss í skála eru 18 talsins
Tjaldstæði
Salernishús (rennandi vatn yfir hásumarið)
Gashellur til eldunar
Verð á gistingu í skála:
3.600 kr. fyrir félagsmenn
6.300 kr. fyrir aðra

Áhugaverðir staðir í nágrenni:
Sveinstindur
Langisjór
Hringleið um Langasjó
Fögrufjöll

Viltu verða fararstjóri?

Útivist er félagsskapur áhugafólks um ferðalög í íslenskri náttúru. Því eru fararstjórar Útivistar fyrst og fremst áhugafólk sem tekur að sér fararstjórn í því skyni að njóta þess að ferðast í góðum hópi sér og öðrum til ánægju. Hlutverk fararstjóra er að vera fremstur meðal jafningja, nota reynslu sína og þekkingu til þess að koma hópnum á leiðarenda, vera tilbúinn til að bregðast við þeim viðfangsefnum sem upp kunna að koma og gera sitt til að ferðin verði ánægjuleg. Reynsla í ferðamennsku skiptir að sjálfsögðu mestu máli en sú fræðsla sem er í boði á námskeiðum Útivistar er góður undirbúningur.

Í vetur mun Útivist standa fyrir námskeiðum sem miða að því að gera þátttakendur færa um að taka að sér fararstjórn í ferðum félagsins. Á námskeiðunum er m.a. kennd rötun, lestur korta og meðferð staðsetningartækja, skyndihjálp og fjarskipti. Ef þú vilt takast á við ný verkefni er upplagt að hafa samband við félagið. Hægt er að hafa samband við Útivist alla virka daga frá kl. 12 til 17 í síma 562 1000 eða með tölvupósti á utivist@utivist.is

Velkomin til Grindavíkur!

Fjölbreytt afþreying fyrir alla fjölskylduna

Frábært úrval veitinga-staða bíða ykkar í Grindavík

Göngu- og hjólaleiðir við allra hæfi í stórbrotinni náttúru

Sundlaug og glæsilegt tjaldsvæði

Við hlökkum til að sjá ykkur!

Nánari upplýsingar á www.grindavik.is

FG

Háhitasvæði Torfajökuls

Eitt víðáttumesta háhitasvæði landsins er Torfajökulssvæðið að Fjallabaki. Askjan í eldstöðinni er um 200 ferkílómetrar að stærð og er talin vera sú stærsta á landinu. Eldstöð þessi setur verulegan svip á landslag og náttúru Fjallabaks og gerir svæðið einstaklega heillandi. Ekki síst er það jarðhitinn og ummerki hans sem dregur náttúruunnendur að svæðinu.

Í vesturjaðri Torfajökulssvæðisins er Dalakofinn, en þann skála endurbyggði Útivist fyrir nokkrum árum. Þaðan er stutt gönguleið á stórkostleg jarðhitasvæði. Í bækistöðvarferð í Dalakofann er hægt að fara í ótrúlega magnaðar göngur um þetta töfraland.

Eftir að Dalakofinn var endurbyggður varð til ný og fögur gönguleið sem hefur fengið nafnið Dalastígur. Farið er um fáfarnar slóðir þar sem hægt er að njóta einveru og kyrrðar í fallegri náttúru. Gönguleiðin er skammt frá Laugaveginum og skartar ekki síður heillandi umhverfi. Hún hentar því vel þeim sem vilja fara um fáfarnar slóðir.

Í dagskrá Útivistar er að finna tvær ferðir um Dalastíg, en nánari upplýsingar um þær eru á vefnum utivist.is.

FG

SHS

Ný skrifstofa Útivistar

Skrifstofa Útivistar er flutt í nýtt húsnæði. Um tveggja áratuga skeið hefur skrifstofan verið til húsa að Laugavegi 178, en nú hefur hún verið flutt að **Katrínartúni 4**. Þar erum við í nýju húsnæði sem við gátum aðlagað að okkar þörfum. Skrifstofan er rúmgóð og hentar vel okkar starfsemi. Mest munar þó um að henni fylgir rúmgóð geymsla, enda fylgir mikið geymsludót ferðastarfsemi og skálarekstri.

Þó skrifstofan sé komin í nýtt húsnæði er eitt sem breytist ekki og það er að ávallt er heitt á könnunni og félagsmenn velkomnir í kaffi. Lengi hefur verið til siðs að félagar hittist hér í hádeginu á föstudögum í létt spjall og eru þar allir velkomnir.

Inngangur á skrifstofu Útivistar er um hringhurð við hliðina á Lyfjabúrinu. Hægt er að leggja bílum í bílakjallara undir húsinu, en greiða þarf fyrir stæði þar, annað hvort í greiðsluvél á staðnum eða gegnum vefsíðu parka.is.

Ullarkistan

ULLARKISTAN.IS

SKEIFUNNI 3B OG GLERÁRTORGI

Dalakofinn

GPS-hnit N63°57,048 / V 19°21,584
Gistipláss í skála eru 30 talsins
Tjaldsvæði við skála
Vatnssalerni í skála yfir hásumarið
Rennandi vatn yfir hásumarið
Gasofnar
Gashellur
Eldunaráhöld og borðbúnaður
Verð á gistingu í skála:
4.100 kr. fyrir félagsmenn
7.400 kr. fyrir aðra

Áhugaverðir staðir í nágrenni:
Torfajökulssvæðið
Rauðufossafjöll
Laufafell
Hverasvæðið við Hrafntinnusker
Hvínandi
Hverasvæði við Dalamót

Skelltu þér í sund í Borgarfirði!



Sundlaugarnar í Borgarfirði
bjóða ykkur velkomin í sumar

Allt til alls:

- frábærar laugar
- heitir pottar
- vatnsrennibrautir
- saunaböð
- heilsuræktar-stöðvar

Sundlaugin Borgarnesi, sími 433 7140
Sundlaugin Kleppjárnsreykjum, sími 435 1140
Sundlaugin Varmalandi, sími 437 1401

www.borgarbyggd.is

ÖRYGGIÐ OFAR ÖLLU

- GÖNGULJÓS
- LEITARLJÓS
- ÖRYGGISLJÓS
- TALSTÖÐVAR
- VINDHRAÐAMÆLAR
- HITAMYNDAVÉLAR

*...VIÐ **MÆLUM** MEÐ ÞVÍ **BESTA***

DALVEGI 10-14 | KÓPAVOGI | SÍMI 510 5050 | FALKINN.IS | ISMAR.IS

FÁLKINN ÍSMAR

LGS

Langleiðin

Við höldum áfram að ganga þvert yfir landið frá Langanesi út á Reykjanes. Þessi vinsæla raðganga er nú gengin í þriðja sinn á vegum Útivistar og að þessu sinni hófst gangan við Font á Langanesi árið 2020. Þá var gengið að Grímsstöðum á Fjöllum, en árið 2021 var haldið áfram sem leið lá í Nýjadal. Því má segja að nú séum við komin um það bil á miðju landsins og seinni hálfleikur að hefjast. Í ár verða tveir áfangar á dagskrá. Annars vegar er gengið frá Nýjadal í Skálpanes í júlí og hins vegar verður gengið frá Skálpanesi að Meyjarsæti í ágúst. Áætlað er að þessir áfangar séu um 190 km samtals.

21.-27.júlí

- 1. Nýidalur – Þjórsá 18-20 km
- 2. Meðfram Þjórsá að Sóleyjarhöfða 23-25 km
- 3. Sóleyjarhöfði – Fjórðungssandur 12-15 km
- 4. Fjórðungssandur – Klakksskáli 18-20 km
- 5. Klakksskáli – Leppistungur 15 km
- 6. Leppistungur – Hvítárbrú 20 km
- 7. Hvítárbrú – Skálpanes 10 km

19.-21.ágúst

- 1. Skálpanes – Hagavatn 20 km
- 2. Hagavatn – Hlöðufell 26 km
- 3. Hlöðufell – Meyjarsæti 18 km

MÓI

LGS

LGS

Sundhöll Selfoss

Tryggvagata 15, Selfossi
Sími: 480 1960

OPNUNARTÍMI:
Virka daga frá 06:30 til 21:30
Helgar 09:00 til 19:00

Komdu í sund

á Selfossi og á Stokkseyri

Tilboð
handklæði, sundföt og sund
1.750 kr.

Sundlaug Stokkseyrar

Stjörnusteinum 1a Stokkseyri
Sími: 480 3260

OPNUNARTÍMI:
Vetraropnun: miðjan ágúst–31. maí
Mánudaga–föstudaga 16:30 til 20:30
Laugardaga 10:00 til 15:00
Sunnudaga lokað

Sumaropnun: 1. júní–miðjan ágúst
Mánudaga–föstudaga 13:00 til 21:00
Laugardaga–sunnudaga 10:00 til 17:00

DAVIDTHOR.IS

Gjaldskrá

Fullorðnir (18–66 ára)
Stakt skipti: 1.100 kr.
10 skipta kort: 4.400 kr.
30 skipta kort: 8.800 kr.
Árskort: 30.500 kr.

FRÍTT fyrir öll börn að 10 ára aldri (miðast við 1. júní)

Börn (10–18 ára)
Stakt skipti: 160 kr.*
10 skipti: 1.200 kr.
30 skipti: 3.400 kr.
**Börn búsett í Árborg fá gefins árskort.*

67 ára og eldri búsettir í Árborg fá frían aðgang.
200 kr. fyrir 67 ára og eldri búsettir utan Árborgar.
Öryrkjar fá frían aðgang en verða að framvísa korti.

Álftavötn

GPS-hnit N63°53,890 / V 18°41,467
Gistipláss í skála eru 20 talsins
Tjaldsvæði við skála
Salerni yfir hásumarið
Rennandi vatn yfir hásumarið
Gashellur
Verð á gistingu í skála:
3.600 kr. fyrir félagsmenn
6.300 kr. fyrir aðra

Áhugaverðir staðir í nágrenni:
Strútslaug
Svartahnúksfjöll
Gjátindur
Eldgjá
Steinbogi á Syðri-Ófæru

Myndakvöld

Myndakvöld er gömul og góð hefð sem fylgt hefur starfsemi Útivistar nánast frá upphafi. Öflugur hópur Útivistarfólks sér um myndakvöldin en þar koma félagsmenn saman, skoða myndir og hlýða á ferðasögur úr ferðum sem Útivist hefur staðið fyrir. Auk þess eru kynntar ferðir á nýjar slóðir og sýndar myndir af áhugaverðum stöðum.

Myndakvöld eru haldin fimm sinnum yfir vetrarmánuðina og njóta mikilla vinsælda. Allir eru velkomnir.

Glæsilegar kaffiveitingar eru eitt aðalsmerki myndakvöldanna. Á þessum vettvangi hittast nýir og gamlir Útivistarfélagar, rifja upp góðar stundir og gæða sér á kræsingum af kökuhlaðborðinu.

Allur ágóði af myndakvöldunum er nýttur til að efla félagið. Lengst af var hann notaður í uppbyggingu á aðstöðu félagsins í Básum. Síðasta framlag kaffi- og myndanefnda voru hjartastuðtæki í skála Útivistar.

Sjá nánar á utivist.is

FJALLA KOFINN

FYLGIR ÞÉR ALLA LEIÐ

Hallarmúli 2 I s: 510 9505 I fjallakofinn.is

FJALLA
KOFINN
ÚTIVIST Í NÝJU LJÓSI
Mikið úrval af höfuðljósum frá
PETZL
Black Diamond
SILVA
Hallarmúli 2 I s: 510 9505 I fjallakofinn.is